

IH 140647 – Niðurstöður fundar skuldabréfaeigenda

Fundur eigenda IH 140647 sem haldinn var föstudaginn 28. ágúst 2020 samþykkti að gera tvíþættar breytingar á skilmálum skuldabréfsins þannig að:

1. Breyting á greiðsluferli og gjalddögum vaxta og afborgana:

Samþykkt var breyting á greiðsluferli og gjalddögum vaxta og afborgana skuldabréfsins þannig að:

- a) Næstu fjórir gjalddagar skuldabréfanna, frá 28. ágúst 2020 að telja, þ.e. 14. september 2020, 14. desember 2020, 14. mars 2021 og 14. júní 2021 („frystingartíminn“) falla niður og engar greiðslur koma til á þeim gjalddögum;
- b) Vextir skuldabréfanna skulu reiknast óheftir á því tímabili sem gjalddagar á frystingartímanum falla niður og leggjast við höfuðstól skuldabréfanna þann 14. júní 2021;
- c) Lokagjalddagi skuldabréfanna skal færast frá 14. júní 2047 til 14. júní 2048 („nýr lokagjalddagi“); og
- d) Frá 14. júní 2021 skulu skuldabréfin aftur hefja reglubundið greiðsluferli samkvæmt skilmálum sínum og uppreiknaður höfuðstóll (að viðbættum vöxtum á frystingartímanum) endurgreiðast með jöfnum greiðslum (annuity) frá þeim degi til nýs lokagjalddaga.

2. Breyting á sérstökum skilyrðum skuldabréfsins

Samþykkt var breyting á sérstökum skilyrðum skuldabréfsins þannig að skuldabréfaeigendur samþykkja að útgefandi muni ekki standast þau fjárhagslegu skilyrði sem sett eru í staflíðum I. og II. um takmörkun skuldsetningar og eiginfjárvöð frá 28. ágúst 2020 og til og með 30. júní 2021. Ennfremur var samþykkt að skuldabréfaeigendur munu ekki krefjast gjaldfellingar eða grípa til annarra samningsbundinna úrræða gagnvart útgefanda samkvæmt skilmálum skuldabréfanna á sama tímabili. Að ofangreindu tímabili loknu skal útgefandi standast fjárhagsleg skilyrði samkvæmt skuldabréfunum á ný, nema að fengnu nýju samþykki skuldabréfaeigenda um undanþágu frá skilyrðunum.

Skilmálabreytingar þessar eru bundnar því skilyrði að sambærilegar skilmálabreytingar hafi verið gerðar á öðrum lánessamningum um hóteleignir félagsins og verði í gildi gagnvart viðskiptabönkum félagsins á frystingartímanum. Gangi það ekki eftir ber að tilkynna skuldabréfaeigendum um slíkt og falla skilmálabreytingar þessar þá niður í heild sinni.

Frekari upplýsingar veita:

Kolbrún Jónsdóttir, fjármálastjóri Íslandshotela – kolbrun.jonsdottir@islandshotel.is – 859 9844